

1981 nr. 29 26. maí
[Lög um tilraunastöð Búnaðarsambands
Suðurlands og Landbúnaðarháskóla
Íslands að Stóra-Ármóti]¹⁾

¹⁾ L. 79/2004, 5. gr.

Tóku gildi 9. júní 1981. Breytt með l. 79/2004 (tóku gildi 1. jan. 2005) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

■ **1. gr.** [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að semja við stjórn Búnaðarsambands Suðurlands um sameiginlegan rekstur tilraunastöðvar að Stóra-Ármóti í Flóa.

¹⁾ L. 126/2011, 89. gr.

■ **2. gr.** Aðalviðfangsefni tilraunastöðvarinnar skal vera alhliða tilraunastarfsemi í nautgriparækt með aðaláherslu á fóðrun og meðferð gripa, en auk þess sinni hún verkefnum á sviði annarra búgreina, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni.

■ **3. gr.** Tilraunastarfsemin verði rekin innan sviðs landbúnaðarrannsóknna á Íslandi samkvæmt lögum nr. 64/1965 um

rannsóknir í þágu atvinnuveganna [og lögum nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, ásamt síðari breytingum].¹⁾

¹⁾ L. 79/2004, 5. gr.

■ **4. gr.** Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við mannvirkjagerð og rekstur ákvarðast af fjárveitingu hverju sinni.

■ **5. gr.** Við tilraunastöðina starfi sérfræðingur í fóðurfræði og rannsóknamaður, ráðnir af [Landbúnaðarháskóla Íslands],¹⁾ en launaðir af ríkissjóði. Auk þess skulu sérfræðingar [Landbúnaðarháskóla Íslands]¹⁾ og ráðunautar Búnaðarsambands Suðurlands hafa aðstöðu til rannsókna á tilraunastöðinni, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni samkvæmt mati stjórnar tilraunastöðvarinnar.

¹⁾ L. 79/2004, 5. gr.

■ **6. gr.** Tilraunastöðin starfar undir yfirstjórn þriggja manna, og skal hún skipuð þannig: Einn maður tilnefndur af Búnaðarsambandi Suðurlands, [einn maður tilnefndur af Landbúnaðarháskóla Íslands]¹⁾ og starfandi bóndi á svæði Búnaðarsambands Suðurlands, tilnefndur af [ráðherra].²⁾

□ Ráðherra skipar stjórn og stjórnarformann til 4ra ára í senn.

¹⁾ L. 79/2004, 5. gr. ²⁾ L. 126/2011, 89. gr.